



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Fréttatilkynning
31. mars 2026

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Annar ársfjórðungur 2026

- Á öðrum ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf fyrir **40-60 ma.kr.** að söluvirði.
- Nýr óverðtryggður flokkur ríkisbréfa með gjalddaga árið 2029 verður gefinn út á ársfjórðungnum og verður stefnt á viðskiptavakt með flokkinn.
- Flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir markflokkar ríkisbréfa og mun stærð þeirra og markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.
- Möguleiki er á skiptiútboðum á RIKB 26 1015 á fjórðungnum.

Útgáfa á árinu

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2026 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 200 ma.kr. að söluvirði á árinu¹. Útgáfa á fyrsta ársfjórðungi nam 60 ma.kr. að söluvirði og vantar því 140 ma.kr. upp á að markmiðum í lánamálum fyrir yfirstandandi ár verði náð.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Útgáfa ríkisbréfa á öðrum ársfjórðungi er áætluð á bilinu **40-60 ma.kr.** Fyrirhugað er að gefa út nýjan óverðtryggðan flokk með gjalddaga 2029. Lánaskilmálar flokksins verða tilkynntir síðar.

Skiptiútboð

Til greina kemur að vera með skiptiútboð á RIKB 26 1015 þar sem eigendum bréfanna verður boðið að skipta yfir í aðra markflokka. Ávöxtunarkjör og aðstæður á markaði munu ráða því hvaða flokkar verða boðnir út í skiptiútboðunum og hversu mikið verður selt með þeim hætti.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla

Útgáfa ríkisvixla er mikilvægur liður í lausafjárstýringu ríkissjóðs. Tímalengd víxlanna getur numið frá 1 mánuði upp í 12 mánuði. Sveigjanleiki í víxlaútgáfu er mikilvægur og til greina gæti komið að bæta við útboðum umfram þau sem fram koma í útgáfudagatali Lánamála.

¹ Við útreikning á söluvirði er notað hreint verð (clean price) að viðbættum áföllnum verðbótum, þ.e. söluvirðið er metið án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvígla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Lánamála ríkisins, netfang: lanamal@lanamal.is.